

Nd.

588. Nefndarálit

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar, sem skipaður er fulltrúum stjórnarflokkanna, vill samþykkja frv. með litlum breytingum. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á frv.

Efni frumvarpsins er nálega eingöngu um tæknilegar breytingar á lögnum um tollskrá. Í því felast ekki breytingar á gildandi tolltöxtum.

Meiri hluti nefndarinnar styður þetta sjónarmið, en getur þó fallist á minni háttar breytingar á tolltöxtum.

Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að gera ýmsar efnisbreytingar sem varða tolltaxta.

Gildandi tollskrá er fyrir löngu orðin óviðunandi vegna misræmis í tolltöxtum. Slíkt misræmi hefur farið stórlega vaxandi síðan EFTA-samkomulagið var gert.

Vegna þess samkomulags, og síðar hliðstæðs samkomulags við Efnahagsbandalagið, hafa tollar á svonefndum EFTA-vörum lækkað mikið og í ýmsum greinum verið felldir niður að fullu. Þetta gildir um þær vörur sem keyptar eru frá EFTA-löndum og Efnahagsbandalagslöndum. Nákvæmlega sams konar vörur, sem keyptar eru frá öðrum löndum, bera hins vegar enn umtalsverðan toll. Misræmi, sem af þessu leiðir, er orðið óviðunandi.

Þá er hitt ekki síður fráleitt, að vörur, sem ekki teljast EFTA-vörur eða samkeppnisvörur, vegna þess að þær eru ekki framleiddar hér á landi, bera enn lítið breyttan toll frá því sem var, áður en EFTA-samkomulagið var gert. Slíkar vörur eru enn í mörgum tilfellum í 60—80% tollflokki, þó að aðrar vörur, sem áður voru í sama tollflokki, beri nú engan toll.

Í háu tollflokkinum eru ýmsar nauðsynjavörur, eins og heimilistæki og bú-áhöld. Þessa tolla verður að lækka, en því miður virðist ekki vera neinn möguleiki á samkomulagi um slíkt af hálfu þeirra sem nú fara með meirihlutavald á Alþingi.

Þá er alkunna, að enn er ríkjandi mikið ósamræmi í tollameðferð á vélum og tækjum til hinna ýmsu atvinnugreina. Þannig eru ýmsar vélar og tæki til landbúnaðar tollaðar hærra en hliðstæðar vélar til iðnaðar. Hið sama má segja um vélar og tæki til fiskiðnaðar og útgerðar.

Ég vil gera tilraun til að koma fram nokkrum leiðréttingum á tollskránni sem að því stefna að lækka tolla á vélum og tækjum til landbúnaðar og fiskiðnaðar, þannig að þessar atvinnugreinar húi við sömu tollakjör og iðnaður.

Ég vil líka gera tilraun til að fá fram stefnumarkandi ákvörðun um að lækka tolla á ýmsum nauðsynjavörum heimilanna, sem nú eru í hæstu tollflokki, eins og t. d. bú-áhöldum og heimilistækjum. Verði tillögu mínar um þær vörutegundir samþykktar þarf síðar að lækka fleiri tollskrárnúmer til samræmis.

Breytingartillögur mínar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1978.

Lúðvik Jósepsson.